



# 1. MAÍ

## ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS

Við fögnum 1. maí í Akóges og minnumst þess að í ár eru 50 ár liðin frá Kvænnafrídeginum og mun dagurinn taka mið af því.

Húsið opnar kl. 14:00 og verður tekið á móti börnum á öllum aldri með andlitsmálningu og blöðrum.

Allir fá „Hölluklút“ um hálsinn.

Ávarp, kaffi vöflur og fleira á boðstólum.

Konur úr kvennakór Vestmannaeyja flytja nokkur lög.

Tónlistarveisla frá Tónlistarskóla Vestmannaeyja sem sér að vanda um tónlistarflutninginn.

**ALLIR VELKOMNIR OG AÐGANGUR AÐ SJÁLFSÖGÐU ÓKEYPIS.**

Sendum launafólki hátíðar- og baráttukveðjur í tilefni dagsins



STÉTTARFÉLAG VESTMANNAEYJUM  
FYRST STOFNAÐ 1917

# Fögnum 50 ára afmæli kvennafrídagsins

Kæru félagar

Það gleður mig að fá að ávarpa ykkur hérna í dag, í tilefni af því að 50 ár eru liðin frá fyrsta kvennafrídeginum á Íslandi. Sem haldinn var í fyrsta skipti þann 24. október 1975 í Reykjavík með þátttöku yfir 25.000 kvenna sem þann dag lögðu niður öll störf. Innan heimilis sem utan. Samstöðuandinn var mikill. Síðan þá hefur ótal margt áunnist í jafnréttismálum. Kona hefur tvívegis verið kjörin forseti, tvisvar verið kjörin biskup, þrisvar sinnum forsætisráðherra. Kona er ríkissaksóknari, lögreglustjóri og konur eru víða í sveitastjórnum, ráðherraembættum og öðrum æðstu embættum.

En kvennabaráttan er meira en bara baráttu framakvenna. Hún er ekki ekki síst baráttu kvennanna sem vinna nauðsynlegustu störfin. Annast börn, sjúka og aldraða. Skúra gólf, þjóna til borðs, keyra lyftara, verka fisk, klippa hár, afgreiða í verslunum og fleira. Vinna störfin sem halda samfélaginu gangandi. Oft erfið og ljýjandi störf sem eru illa metin að verðleikum.

Laun kvenna í frystihúsum í Vestmannaeyjum voru fyrir miðja öldina um þriðjung lægri heldur en laun karla fyrir sömu störf. En Verkakvennafélagin lyftu grettisþaki og þegar ég fór að vinna í frystihúsi 1974, voru laun beggja kynja orðin jöfn. Fyrstu vikuna mína í vinnu voru konurnar meira að segja á hærri launum heldur en karlarnir. Líklega í fyrsta skipti í sögunni. Því verkakvennafélagið Snót var viku á undan að semja. Síðan hafa konur og karlar staðið



Guðný Björk Ármannsdóttir.

vel saman í okkar starfsgreinum. Við lítum ekki á karlana sem einhverja andstæðinga, heldur sem samherja og baráttufélag. Því völdum við á endanum að sameina Verkakvennafélagið Snót og Verkalýðsfélag Vestmannaeyja í Stéttafélagið Drífanda 9. desember árið 2000.

Ég var í allmörg ár stjórnarkona í Snót, og seinna í Drífanda. Þátttaka mín í þeim störfum kenndi mér svo gífurlega margt. Þarna kynntist ég alvöru lýðræði í verki. Frá grasrót og uppúr. Mæting á fundi var mjög góð og öll mál afgreidd með beinni kosningu. Stjórnmalaflokkarnir gætu margt lært af Snót. Það var alltaf sterk og mikil samstaða hjá Snótarkonum. Þarna kynntist ég líka mikið af eldri konum sem að mundu tímana tvenna. Öflugum kjarna-konum. Það voru svo margir sem mörkuðu spor í sandinn.

## Baráttan heldur áfram

En baráttan er ekki búin. Vinnandi stéttir hafa oftast en ekki dregist aftur úr talandi stéttunum. Við



Emma Víðó mætt á Stakkó á afmæli kvennafrídagsins árið 2005. Mynd Guðný Óskars

þurfum stöðugt að vera á tánum, á verði. Gæta þess að vinna okkar sé metin til launa. En mér hugnast ekki sú baráttuáðferð að við séum einhver fórnarlömb að biðja um ölmusu. Því við erum það ekki. Við erum harðvinnandi fólk sem leggur sig fram á hverjum degi við ýmis þau störf sem eru nauðsynleg þjóðarþúinu. Vinna okkar er verðmæt vara og hana ber að meta að verðleikum og borga vel. Í dag eru orðið fleiri starfsgreinar en áður í Drífanda. Og allt er þetta fólk sem vinnur verðmæt og nauðsynleg störf. Og þrátt fyrir aukna tækni og gervigreind verður ávallt þörf fyrir þessi störf. Og þörf fyrir stéttafélagið. Og samstöðu.

Það er mjög ánægjulegt að sjá hve bæjarlífið hefur blómstrað núna

á seinni árum. Fjölbreytni starfa aukist og skemmtilegt manníf. Það hefur reyndar alltaf verið skemmtilegt en er orðið fjölbreyttara. En þótt margt sé gott er annað sem er ekki eins gott. Hér gátu konur fætt sín börn við bestu aðstæður en núna þurfa margar konur að fara um langan veg og dvelja fjárrí heimilum sínum, oft vikum saman. Það þarf að laga. Það er alltaf eitthvað sem þarf að laga og eitthvað sem reynt er að taka frá okkur. Því þarf kvennabaráttan að halda áfram á hinum ýmsu vígstöðum. Allavega úti á landi. Enn um sinn.

## Til hamingju með verkalýðsdaginn 1. maí.

Lifið heil.  
Guðný Björk Ármannsdóttir.

**AÐALFUNDUR**  
ÞRIÐJUD. 6. MAÍ KL. 18.00

Aðalfundur Drífanda stéttarfélags verður haldinn **þriðjudaginn 6. maí 2025** í Líknarsalnum við Faxastíg og hefst fundurinn kl. 18.00

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Breyting á reglugerð sjúkrasjóðs félagsins
3. Möguleg kaup á tveimur sumarhúsum í Minniborgum og möguleg sala bústaðs í Ölfusborgum

4. Önnur mál
  - Happdrætti
  - Gjóf
  - Léttur kvöldverður



FYRSTA MAÍ BLAD - Útgefandi: Drífandi stéttarfélag Vestmannaeyjum. / Mynd á forsíðu: Þær hófu sitt framhaldsnám í gegnum Landsmenn. Armey lyfjafræðingur, Elín Ósk leikskólakenari, Dóra Kristín í löggunni og Guðrún Bára leikskólakenari. Mynd Guðný Óskars.





Útskipun á mjöli hjá Ísfélaginu í september 2009. - Íslandi er skipt í tvo hluta, borgrikið Reykjavík og nágrenni og svo hjálendurnar á landsbyggðinni. Við vitum öll að þrátt fyrir fögur fyrirheit, að tekjurnar af þessum boðuðu auðlindagjöldum verða ekki notuð á landsbyggðinni, heldur munu þau detta dauð inn í borgrikið, segir Arnar. Mynd Guðný Óskars

# Auðlindirnar í eintölu

Það hefur ekki farið fram hjá neinum umræðan um veiðigjöld. Við getum fagnað því að reynt sé að tryggja að þjóðin fái sinn skerf af þeim arði sem myndast af nýtingu auðlinda Íslands og er það óumdeilt. En af hverju er aðeins reynt að tryggja að við fáum eingöngu arð af einni af fjölmörgum auðlindum landsins okkar og öll umræðan snýst aðeins um það. Reyndar er einnig verið að ræða um gjaldtöku af ferðaþjónustu og laxeldi í sjó þó minna fari fyrir því. Eiga þessar þrjár atvinnugreinar það sameiginlegt að vera burðarstoðir atvinnulífs á landsbyggðinni.

En háværust þykir mér þögnin sem ríkir um skattlagningu á öðrum auðlindum landsins. Einnig að þær flestar séu í eigu hlutafélaga eða einstaklinga þrátt fyrir ákvæðið í stjórnarskrá um að auðlindir skuli vera sameign þjóðarinnar. Það skyldi þó aldrei vera að þeir sem eru háværastir um gjaldtöku af burðarstöðum landsbyggðarinnar eru sjálfir að nýta aðrar auðlindir þjóðarinnar og greiða engan arð af þeim notum.

## Margir möguleikar á auðlindagjöldum

Við vitum öll hvaða auðlindir er um að ræða, heita og kalda vatnið, vatnsréttindi ýmiskonar, laxveiðiréttindi sem í umræðunni eru talin

verðmætari en allt laxeldi í sjó. Virkjanir í einka- og hlutafélagaeigu t.d. í Svartsengi, Nesjavöllum og Hellisheiði er nýta þessar auðlindir til orkuframleiðslu og svo mætti lengi telja. Tökum sem dæmi Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur skilað arði árlega um og yfir 10 milljörðum króna og greiðir út stóran hlut af þeim arði, án auðlindagjalds og aðeins til eigenda sinna. Við á landsbyggðinni sjáum ekki krónu af því.

Það hafa komið fram ýmsar frjóar hugmyndir hjá nýrri ríkisstjórn um hvernig er hægt að finna viðmiðunarverð á fiskafla þar sem ekki er virkur markaður með sumar fisktegundir á Íslandi og er þá leitað út fyrir landsteinana. Við hljótum að fagna þessu því það hlýtur að verða leitað út fyrir landsteinana til að finna viðmiðunarverð til innheimtu auðlindarentu af orkuframleiðslu OR, HS orku og annarra hlutafélaga sem nýta auðlindir okkar. Þar sem ekki er virkur orkumarkaður á Íslandi er nærtækt að líta til Þýskalands, Frakklands eða Englands til að finna viðmiðunarverð. Mikið hefur einnig verið fjallað um aðgengi að þessari „einu“ auðlind sem samkvæmt umræðunni er til á Íslandi. Er nú búið að gefa út dagskipun um að öllum sem vilja skuli tryggðar strandveiðar undir því yfirskeyni að það tryggi

byggðafestu? Byggðafestu hvar er þá spurt? Arnarstapa á Snæfellsnesi þar sem mjög miklu er landað af þessum afla af mönnum sem búa annarsstaðar og sjást ekki þar 10 mánuði á ári eða hvað?

En sama háværa dauðþögnin ríkir um aðgengi allra landsmanna að hinum auðlindunum sem nefndar hafa verið hér að ofan. Ekki er beysið aðgengi og afhendingaröryggi á köldu vatni víða um land, dísilrafstöðvar keyrðar vegna skorts á rafmagni. Íbúar á köldum svæðum og fjarri uppsprettum heita vatnsins þurfa að greiða allt að þrefalt herra verð en íbúar er búa á heitum svæðum á suðvesturhorninu.

## Hættum að láta rugla í okkur

Mig og fleirum á landsbyggðinni hlýnaði sannarlega um hjartaræturnar þegar tilkynnt var hvernig ætti að verja auðlindagjaldinu af þessari „einu“ auðlind landsins okkar. Nefnilega að byggja upp innviði á landsbyggðinni og þá sérstaklega samgönguinnviði. En það kólnaði fljótt þegar maður fór að hugsa út í hvað væntanlegt kílómetragjald ætti að fara í og hver ætti að borga samgönguinnviði eins og 200 milljarða Borgarlínu og Sundabraut á höfuðborgarsvæðinu? Það skyldi þó ekki vera við íbúarnir á landsbyggðinni? Allavega er örugglega

ekki ætlunin að auðlindanýttendur eins og Orkuveita Reykjavíkur borgi þá.

Hættum að láta rugla svona í okkur. Þessi vegferð sem lagt hefur verið út í er ekki eins og haldið er fram „aðgerð til að tryggja sanngjarna auðlindarentu til þjóðarinnar, byggðafestu og uppbyggingu innviða“!! Heldur býr eitthvað allt annað að baki sem tengist gömlum pólitískum væringum og blandast þar inn í átökin um inngöngu í Evrópusambandið og þess háttar mál.

Íslandi er skipt í tvo hluta, borgrikið Reykjavík og nágrenni og svo hjálendurnar á landsbyggðinni. Við vitum öll að þrátt fyrir fögur fyrirheit, að tekjurnar af þessum boðuðu auðlindagjöldum verða ekki notuð á landsbyggðinni, heldur munu þau detta dauð inn í borgrikið.

Landsbyggðarfolk stöndum saman og höldum áfram þeirri baráttu sem virðist engan enda ætla taka. Baráttu fyrir sambærilegri heilbrigðisþjónustu, samgöngum, menntun og orkuverði og býðst á höfuðborgarsvæðinu. Þá er byggðafestan sjálfkrafa í höfn.

Launafólk um land allt, til hamingju með daginn

**Arnar G. Hjaltaín**  
Formaður Drífanda stéttarfélags

Guðný hjá Drífanda hefur upplifað miklar breytingar

# Tími bónusdrottninganna var einstakur

/ Líf og fjör á Faxastígnum / Byrjaði 16 ára í fiski / Ísfélagsbruninn mikið högg / Öflugt félag í sterku bæjarfélagi

**ÓMAR GARÐARSSON**  
omar@eyjafrettir.is

Í móttökunni á skrifstofu Drífanda stéttarfélags í Vestmannaeyjum tekur á móti fólki kona með stórt bros og vilja til að leysa hvers manns vanda. Snaggaraleg og fljót að átta sig á hlutunum. Alltaf til í spjall eins og hún á kyn til. Alin upp í stórum systkinahópi að Faxastíg 5 og á dótturina Ármeyju sem starfar sem lyfjafraeðingur hjá Apótekarnum í Eyjum.

Guðný Óskarsdóttir er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum og hefur búið þar alla tíð nema í gosinu 1973 þegar fjölskyldan bjó í Sandgerði en sneri heim um leið og gosi lauk í byrjun júlí sama ár.

„Það var allt klárt því pabbi, sem var að vinna úti í Eyjum notaði frítímamann til að hreinsa garðinn og gera allt klárt. Fjölskyldan var Óskar Elías Björnsson úr Reykjavík og Sigríður Sigurðardóttir frá Hruna í Vestmannaeyjum.

„Við vorum átta systkinin, sjö á Faxastígnum og einn hálfbróðir. Ármann var elstur, svo koma Guðrún, Margrét, Óskar. Hannes, ég og Emma. Sá elsti okkar, hálfbróðirinn heitir Bragi.“ segir Guðný en látin eru Ármann, Margrét og Hannes.

## Alltaf opið hús

„Já, það var oft líf og fjör á númer fimm. Alltaf opið hús og við frænkurnar, ég og Vigdís Rafns erum oft að velta því fyrir okkur hvernig mamma fór að þessu. Vigga var oft hjá okkur því pabbi hennar, Rabbi á Gjafar var mikið á sjónum. Við og stelpurnar í Klöpp, Magga, Drífa og Mjöll vorum mikið saman. Alltaf opið hús fyrir alla, og þó ótrúlegt sé var alltaf nóg að borða þó heil hersveit mætti í mat. Var með ólífkindum.“

Þarna var stór krakkahópur í hverju húsi og oft líflegt á Faxastígnum. „Við vorum mjög



Guðný á Anfield til að styðja sína menn í Liverpool. Nú gleðst hún yfir góðu gengi sinna manna sem urðu Englandsmeistarar í ár.

uppátækjasöm. Einu sinni sáum við Hannes bróðir fallhlíf í sjónvarpinu, sem þá var ekki alla daga og nætur. Okkur langaði aðeins að prufa. Fengum hvíta hveitipoka, saumuðum þá saman og földum uppi á lofti í bílskúrn- um hans pabba. Þegar mamma og pabbi voru í burtu unnum við við þetta. Svo kom að því að prófa. Fórum upp á bílskúrinn sem var á bakvið hjá Didda og Fríðu. Þar var stökkið tekið. Auðvitað var skólaárið búið hjá Hannesi. Já, hann fótbrotnaði.“

## Algjört ævintýri

Eftir grunnskóla fer hún að vinna

í Fiskiðjunni og var um tíma á Herjólfni. „Ég var 16 ára þegar ég byrjaði í Fiskiðjunni,“ segir Guðný. „Það var algjört ævintýri. Allt öðruvísi en í dag og ég hefði ekki viljað missa af þessum tíma í fiskvinnslunni. Maður var að vinna alla sjö daga vikunnar þegar mest var að gera. Allar helgar og maður var að koma heim á kvöldin klukkan tíu og ellefu. Það var bara vinna og vinna.“

Engin krafa um að eiga frí á sunnudögum. Föstudagurinn langi, páskadagur og jóladagur voru einu dagarnir sem maður var viss um að fá frí,“ segir Guðný og undirstrikar enn og aftur að þetta

hafi verið skemmtilegur tími,“ segir Guðný og heldur áfram.

„Ég hefði ekki viljað missa af þessari menningu sem var í fiskvinnslunni á þessum árum. Verbúðir fullar fólki, mötuneyti á staðnum og bónusinn alveg á fullu. Var hjá sumum konunum hærri en launin. Ég var aldrei ein af bónusdrottningum. Var meira í hliðarstörfunum, í þvotti inni á tækjum og vélum. Bónusdrottningarnar voru m.a. Ásta á borði sjö, Ásta María á eitt, Stína og Adda á borði átta og fleiri öflugar konur. Þær voru bara númer í hausnum á okkur en allar hörkuduglegar. Þegar við vorum í pásu kölluðu þær, - hjálpið okkur, hjálpið okkur sem við gerðum.“

## Öflugar og metnaðarfullar konur

Guðný segir að þetta hafi ekki bara verið spurning um peninga. Þetta hafi verið öflugar en ekki síst metnaðarfullar konur. „Já, það var metnaður í þeim en við urðum líka að standa okkur. Það var sameiginlegur bónus á gólfinu en einstaklingsbónus á borðunum hjá konunum sem skáru fiskinn. Bónusinn var allt annað en í dag þegar miklu meira fer í gegnum frystihúsin. Þá fengu konurnar meira fyrir vinnu sína. Sama hvað þær djöflast því nú er bara sameiginlegur bónus.“

Verkstjórar á þessum árum voru Lalli Long og Sandra Ísleifs og Addi í London og Laugi í tækjunum, Jói Ólafur í kjallaranum sem verður orðinn 90 ára þegar blaðið kemur út og Kork að brýna hnífana. „Andinn var mjög góður og alltaf gaman í vinnunni. Það var alveg sama hvort þú varst niðri í aðgerð eða uppi í sal. Fiskurinn flæddi um allt og þú stóðst aldrei aðgerðarlaus. Ef þitt verkefni var búið fyrstu að hjálpa þeim næsta. Og á meðan hræfni var í húsinu var unnið,“ segir Guðný og hugsar hlýlega til fólksins sem hún vann með.

## Saknar vertíðarmenningarinnar

„Ég get ekki bent á einhvern einn,“ segir Guðný þegar hún er spurð um eftirminnilegt fólk sem



hún vann með. „Þetta var allt frábært fólk sem ég var að vinna með. Verkstjórnarnir, fólkið okkar og það sem kom á vertíð í Eyjum. Já, maður kynntist fullt af fólki og enn er gaman að hitta konurnar sem voru í framlínunni í bónu- snum. Hlægjum oft að því hvað númer á borði festist við þær. Löngu hættar en enn erum við að tala um Ástu á sjö og Ástu Birnu á eitt. Allt yndislegar konur sem við vorum að vinna með.“

Guðný saknar vertíðarstemningarinna sem áður ríkti. „Það var alltaf tilhlökkun þegar loðnan og síldin voru að koma. Ég fór yfir í Ísfélagið áður en ég byrjaði hjá Drífanda og þar var keppni á milli vakta. Að keyra sem mest í gegn á hverri vakt. Stundum höfðu tækin ekki undan okkur kerlingunum. Frystigetan var ekki næg en nú er búið að laga það.“

Var vinnan léttari í þá daga? „Bæði já og nei. Það er ekki þessi burður en vinnan er einhæfari. Áður gat maður skorið, pakkað og vigtað. Ef þú ert góður skerari ertu látinn skera og ef þú ert góður að vigta ertu á vigtinni. Ég skil það og góð afköst skila sér til allra því í dag er bara hópbónus og tími bókusdröttninganna er liðinn. Bónusinn skiptir líka minna máli en hann hafði líka sína kosti. Var meiri hvati til að vinna hratt og vel,“ segir Guðný sem tók þátt í að sameina Verkakvinnafélagið Snót og Verkalýðsfélag Vestmannaeyja árið 2000.

### Dagur sem ekki gleymist

Það voru miklir umbrotatímar í sögu Vestmannaeyja þegar Sigurður Einarsson, forstjóri Ísfélagsins fellur frá 4. október 2000, rétt að verða fimmtugur og frystihús félagsins brann 9. desember sama ár. „Ég var enn á vinna í Ísfélaginu þegar frystihúsið brann. Var orðin formaður Snótar og Arnar Hjaltalín formaður Verkalýðsfélagsins og við ræddum sameiningu félaganna. Það varð niðurstaðan og við erum að stofna Drífanda stéttarfélag upp í Alþýðuhúsi sama dag og Ísfélagið brennur. Ég var nýkomin heim þegar Ármey kemur til mín og segir, - mamma, mamma það er kviknað í vinnunni þinni,“ segir Guðný og í hönd fóru miklir óvissutímar.

„Við gleymum þessum degi aldrei, nýtt stéttarfélag og Ísfélagið brennur. Áfallið var mikið og starfsfólkið vissi ekki neitt. Við fengum Alþýðuhúsið til að hittast og prestarnir komu og aðstoðuðu okkur. Fólk datt út af launaskrá rétt fyrir jólin þannig að útlitið var ekki hjart. Sorgen var mikil og fólkið grét. Allt breyttist en þarna nýttist mér reynslan úr skátunum og hjálparveitinni. Hvernig maður talar við fólk í miklu áfalli,“ segir Guðný en samstaðan var mikil og starfsfólk Ísfélagsins



Þegar landsleikir eru hóar Guðný í sitt fólk. Guðni, Vigga, Guðný, Emma og Óli Lár taka það alla leið þegar landsliðin okkar eru að spila.

sameinaðist undir nafni Ísfólksins sem lét vel til sín taka.

### Ísfólkið stóð saman

„Ísfólkið var og er starfsmannafélag Ísfélagsins og hlutverk þess var mjög stórt meðan það versta gekk yfir. Við fórum í göngur, vorum í líkamsrækt á Hressó sem byrjaði reyndar fyrir brunann. Þegar vinnutíminn stýttist frá fimm til þrjú og börnin enn á leikskóla. Vissum ekki hvað við áttum að gera með tímann og byrjuðum á Hressó. Það var rosa gaman og myndir af okkur í Séd og heyr. Reyndum að gera eitthvað til að dreifa huganum. Hittumst og höfðum stuðning hvert af öðru,“ segir Guðný.

Öll él birta um síðir og Guðbjörg Matthíasdóttir, ekkja Sigurðar Einarssonar ákveður með sínu fólki að reisa nýtt og fullkomið frystihús á rústum þess gamla. Vinnsla hófst um veturinn og nýr kafla sögu félagsins tók við. Guðný segir það ekki hafa verið sjálfgefið að Guðbjörg sem langstærsti eigandinn tæki þessa stefnu. „Ég held að baráttuviljinn hafi verið svo mikill í fjölskyldunni, að koma starfseminni af stað aftur. Rótin var þarna og það hjálpaði til. Þetta var mikið högg fyrir fjölskylduna, Sigurður nýfallinn frá og Guðbjörg stóð eftir með fjóra drengi og framtíð Vestmannaeyja í hendi sér. Þetta var ekki aðvelt en Guðbjörg heppin að hafa gótt fólk í kringum sig. Það hjálpar öllum og í dag sjáum við Ísfélagið blómstra.“

### Samstaða þegar á reynir

Þegar Guðný er beðin um að líta yfir sviðið í Vestmannaeyjum segir hún stöðuna góða. „Hún er allt að 99% góð. Það er nóga vinnu að hafa og við fáum ekki marga inn til okkar sem eiga erfitt. Samfélagið er orðið blandaðra með fleiri útlendingum sem eru orðnir Eyjamenn. Hafa keypt íbúðir og gengur mjög vel. Samfélagið þyrfti að hvetja fleiri til þess að læra íslensku en þau fá námskeiðin endurgreidd hjá stéttarfélagunum. Með betri íslenskukunnáttu kemst fólkið meira inn í samfélagið og í minni hættu á að einangrast. Það eru þó mjög margir duglegir að læra íslenskuna og aðlagast fljótt.“

Guðný segir samstöðu Eyjamanna mikla þegar á reynir og það hafi þau upplifað í Ísfélaginu. „Þú veist hvernig þetta samfélag er, ef eitthvað er að vilja allir hjálpa. Fyrir nokkrum árum var ég á fundi hjá Fiskistofu og hitti konu frá Akureyri sem segir við mig; - ég ætla að hrósa ykkur, ég er nýkomin úr krabbameinsmeðferð og fékk engan stuðning á Akureyri. Systir hennar bjó í Vestmannaeyjum og sagðist hafa fengið mikinn stuðning í sinni krabbameinsvegferð. - Ég fékk ekki brot af því sem hún fékk. Ég vil bara láta ykkur vita að þetta er frábært, sagði konan.“

Guðnýju þótti vænt um að heyra þetta. „Við hjá Drífanda bendum öllum okkar félagsmönnum sem greinast með krabbamein að þau geta leitað stuðnings hjá okkur og hjá Krabbavörn í Eyjum.“

Hjá Krabbavörn geta þau meðal annars leitað sér andlegs stuðnings.“

### Í mörg horn að líta

Í dag starfa þau tvö á skrifstofu Drífanda, hún og Arnar og er í mörg horn að líta. „Við töldum okkur sterkari að vera saman og það hefur sannað sig. Skrifstofan er á besta stað og hingað koma margir. Þarna áttum við hlut í bústað í Ölfusborgum en nú eru þeir þrír og þrjár íbúðir í Reykjavík. Félagið stendur vel og enn eru kjaramálin stóra málið. Verja fengin réttindi þeirra 1250 sem í félaginu eru í dag.“

Það er mikið umstang í kringum bústaðina og íbúðirnar. Fólk sem kemur erlendis frá treysta ekki verkalýðsfélagunum af þau þekkjá þau ekki. Þegar traustið er komið leita þau mikið til okkar og þau eru mörg málin og misjöfn. Við höfum hjálpað fólki að ganga í hjónaband á netinu svo ég nefni dæmi. Líka sjúkrasjúðirnir og fólk kemur hingað með launaseðla, fær okkur til að athuga hvort þeir séu réttir sem þeir eru í 99% tilfella. Ef eitthvað er að, sem getur alltaf gert er það leiðrétt strax.“

Félagar í Drífanda koma víða við og nefnir Guðný í því sambandi laxeldið sem hafi sitt að segja. „Fólk veit að það getur leitað til okkar. Við erum með verkamenn, skólaliða, Hraunbúðir, HSU, bræðslurnar og fiskvinnslustöðvarnar og það hlýtur að vera met, að verkalýðsfélag telji 1250 félagar í ekki 5000 manna bæjarfélagi.“



# Best en ekki nógu góð í jafnrétti

Aldrei í veraldarsögunni, allavega frá iðnbýltingu, hafa konur notið jafnmikilla valda og réttinda og á Íslandi í dag. Við erum þekkt um víða veröld fyrir að vera jafnréttisparadís og berum höfuðið hátt í alþjóðastarfi. Ríkinn er stýrt af konum að stærstum hluta, lögreglunni, kirkjunni, háskólunum og stærstu sveitarfélögum landsins. Það er gaman að segja frá því í heimi þar sem bakslag í mannréttindum er regla frekar en undantekning.

Engu að síður búum við ekki við jafnrétti þó svo virðist við fyrstu sýn. Störf sem eru að meirihluta til unnin af konum eru metin til lægri launa en önnur störf. Umönnun, þjónusta og kennsla. Eignum landsins er afar misskipt á milli kynja og sömuleiðis stjórnum og eignarhald peninga. Það sem ræður þó mestu um misrétti kynjanna er kynbundið og kynferðislegt ofbeldi. Þriðjungur kvenna hefur orðið fyrir einhverskonar ofbeldi af hendi karla og stúlkur og konur lifa við þessa öryggisögn, sérstaklega framan af aldri. Þetta er svo algengt að við reukum hér kvennaathvörf, neyðarmóttökur og alls konar ráðgjafajónustu fyrir konur sem verða fyrir ofbeldi af hendi karla. Þetta hefur því miður ekki minnkað þrátt fyrir allar aðrar framfarir í jafnréttismálum. Árlega gefa athvörf og ráðgjafajónustur út ársskýrslur þar sem fjallað er um fjölda kynferðisbrota, afleiðingar og áhrif. Þetta er eins og suð og nær varla athygli, eins og þetta sé eins og hvert annað náttúruögmál.

Við erum heldur ekki með kerfi sem virkar til að viðurkenna þessa glæpi eða sjá til þess að þeir hafi afleiðingar. Aðeins 7-17% þeirra sem koma til Stígamóta, Kvennaathvarfsins, Bjarkarhlíðar o.s.frv. kæra ofbeldið til lögreglu. Þessar tölur hafa ekkert hækkad í áratugi og er það að einhverju leyti skiljanlegt þar sem erfitt er að ná réttlæti í gegnum hið opinbera kerfi. Líklegra er að málin verði látin niður falla og brotapolinn jafnvel í enn verri stöðu en áður eftir að hafa beðið eftir úrlausn í allt að tvö ár. Til að fá viðurkenningu á brotum, vara aðra við ofbeldismönnum og jafnvel kalla eftir ábyrgð fara sumar þá leið að segja frá ofbeldinu opinberlega. Það líklegasta sem gerist þá er



Drífa Snædal

samúðarbylgja en oft snýst það við og samúðin með gerandanum verður yfirsterkari og farið að tala um óréttmæta slaufun. Þess ber þó að geta að árum, áratugum og öldum saman hefur brotapolinn verið slaufað, þær hafa þurft að hætta í skóla öryggisins vegna, hætta í vinnu, jafnvel flytja úr bæjarfélögum. Fyrir á öldum var þeim meira að segja drekkt. Slaufun og slaufunarmeninge eru því erfið hugtök ef litid er til sögunnar og takmarkaðra úrræða fyrir brotþola að ná réttlæti.

Það er ljóst að ef við viljum ná jafnrétti og standa undir merkiðanum jafnréttisparadís þá

verðum við að trúá því að við getum upprætt kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og taka höndum saman um að gera það raunverulega. Í því felst ekki að fangelsa alla sem hafa meitt aðra en í því felst samt að viðurkenna skaðann og að gerandinn axli ábyrgð. Kann að virðast einfalt en er það ekki.

Í tilefni kvennaársins 2025 lögðu um 50 samtök fram kröfur til úrbóta og það er ágætis byrjun að framkvæma þær kröfur. Þær eru að finna á heimasíðunni [www.kvennaar.is](http://www.kvennaar.is). Annað sem við þurfum að gera er að einblína á þá sem beita ofbeldi. Af hverju og hvernig er hægt að tryggja að ofbeldið endurtaki sig ekki og auðvitað helst að koma í veg fyrir að ofbeldi eigi sér stað yfir höfuð. Þar þarf að kenna um mörk og samþykki á jákvæðan og uppbyggilegan hátt sem mótvægi við skilaboð sem flæða því miður óhindrað úr öðrum áttum. Ofbeldismenn geta nefnilega verið drengir sem hafa horft á klám frá ungum aldri og halda að hálstak og að meiða rekkjunautinn sé hluti af því að stunda kynlíf. Þeir vita ekki betur en skaðinn er sá sami og ef um viljaverk væri

að ræða. Þessa drengi þarf að fræða og taka þá út úr félagslegum aðstæðum þar sem þeir geta valdið skaða þangað til þeir átta sig og eru ekki öryggisögn (fara ekki með í skólaferðalög, taka ekki þátt í leikfélagi o.s.frv.). Aðrir ákveða að meiða og valda skaða, nota jafnvel til þess lyf til að minnka mótstöðuna. Þá þarf að taka öðrum tókum og jafnvel frelsissvipta. Svo eru til gerendur sem eru þarna einhversstaðar á milli, suða sig til samþykkis eða kúga til að fá sínu framgengt. Við verðum að nálgast gerendur með ólíkum hætti því ef við einblinum bara alltaf á úrræði fyrir brotþola en ekki ofbeldismenn verður okkur ekkert ágengt. Það er hins vegar kominn tími til að vinna í rót vandans.

Okkur hefur oft tekist að breyta menningu, viðmiðum og hegðun í samfélaginu. Nú er komið að því að trúá því að við getum breytt þeirri menningu sem veldur stúlkum og konum mestum skaða og reyndar mörgum drengjum líka. Tökum næstu skref í jafnrétti og trúum því að það takist!

Drífa Snædal  
Talskona Stígamóta



Fyrsta maí kaffi í Alþjóðhúsinu þar sem Drífa Snædal var ræðumaður dagsins. Mynd Guðný Óskarsdóttir



Ásta Björt Júlíusdóttir:

## Nýti minn rétt

**Við hvað vinnur þú og hvað er það besta við starfið?**

Ég starfa sem stuðningsfulltrúi í Hamarskóla, það er engin dagur eins þegar maður vinnur með börnum og svo eru samstarfsfélagarnir og vinnuumhverfið dásamlegt.

**Í hvaða stéttarfélagi ert þú?**


Ég er í Drífanda.

**Nú er 1. maí er baráttudagur verkalýðsins. Ætlar þú að taka þátt í deginum?** Ég reikna ekki með því.

**Hefur þú einhvern tímann leitað til stéttarfélags þín og ef svo er ertu dugleg/duglegur að nýta það?** Ég hef notað minn rétt hjá mínu stéttarfélagi en mætti vera duglegri í því.

**Ef þú mættir breyta einu í íslensku atvinnuvinnulífi, hvað væri það?**

Að vinna enn betur að því að konur hafi jöfn laun á við karlmennt



Dagmar Pálsdóttir:

## Launin mættu hækka

**Við hvað vinnur þú og hvað er það besta við starfið?**

Ég er skólalíði í Barnaskóla Vestmannaeyja. Það besta við starfið að mínu mati er að hitta alla krakkana.

**Í hvaða stéttarfélagi ert þú?**

Ég er í Drífanda.

**Nú er 1. maí er baráttudagur verkalýðsins. Ætlar þú að taka þátt í deginum?**

Já ég hafði hugsað mér það.

**Hefur þú einhvern tímann leitað til stéttarfélags þín og ef svo er ertu dugleg/duglegur að nýta það?** Já ég hef alveg nýtt mér og verið dugleg ef þess þarf.

**Ef þú mættir breyta einu í íslensku atvinnuvinnulífi, hvað væri það?** Mætti svo sem alveg hækka launin aðeins meira hjá láglaunafólki.



Ólöf Helga Helgadóttir

## Leita oft til stéttarfélagsins

**Við hvað vinnur þú og hvað er það besta við starfið?**

Ég vinn hjá HSU í bítibúrinu þar. Það besta við starfið myndi ég segja að væri starfsfólkið.

**Í hvaða stéttarfélagi ert þú?**

Ég er í Drífanda stéttarfélagi.

**Nú er 1. maí er baráttudagur verkalýðsins. Ætlar þú að taka þátt í deginum?**

Nei, ég held ekki.

**Hefur þú einhvern tímann leitað til stéttarfélags þíns og ef svo er ertu dugleg/duglegur að nýta það?** Já ég leita oft til stéttarfélagsins og nýti réttindi mín þar.

**Ef þú mættir breyta einu í íslensku atvinnuvinnulífi, hvað væri það?** Laun láglaunafólks mættu vera hærri.



Hafdís Snorradóttir:

## Dugleg að mæta í kröfugöngur

**Við hvað vinnur þú og hvað er það besta við starfið?**

Ég vinn á Kirkjugerði og það besta við starfið er að sjálfsögðu börnin en ég er á yngstu deildinni og það er alltaf gaman hjá okkur. Þegar þau byrjuðu kunnu sum þeirra ekki einu sinni að labba en núna hlaupa þau um og syngja og leika sér. Svo er bara eitthvað sérstakt við þennan vinnustað. Samkennd og vinátta og það er einstaklega gott fólk sem velur þetta starf.

**Í hvaða stéttarfélagi ert þú?**

Ég borga í Drífanda stéttarfélag.

**Nú er 1. maí er baráttudagur verkalýðsins. Ætlar þú að taka þátt í deginum?**

Í ár verð ég erlendis, en í gegnum tíðina hef ég tekið þátt í göngunni. Ég og mágkonur mínar þær Þórunn og Dagrún mættum í allar kröfu- og skrúðgöngur og mér er svo minnisstætt að eftir að tjörnin var gerð á Stakkó varð alltaf einhver ein okkar að fara heim með blautan krakka. Töluðum oft um hvaða rugl væri að hafa sett tjörn þarna en í dag finnst mér svæðið geggjáð.

**Hefur þú einhvern tímann leitað til stéttarfélags þín og ef svo er ertu dugleg/duglegur að nýta það?**

Ég er ekki nógu dugleg að nýta mér réttindi mín en hef stundum sótt um líkamsræktarstyrk, leigt íbúðir og bústaði. Reyndar kom Guðný Óskars um daginn upp á Kirkjugerði og kynnti okkur hvaða rétt við eigum. Það finnst mér vel gert.

**Ef þú mættir breyta einu í íslensku atvinnuvinnulífi, hvað væri það?**

AUÐVITAÐ væri það að hækka lægstu launin. Það er alveg dauð merkilegt að það setji þjóðina og fyrirtækin á hliðina. Öll störf eru mikilvæg og fyrir mér er ekkert starf sem ég gæti ekki unnið við. Mér hefur alltaf þótt gaman að vinna. ÁFRAM LAUNÞEGAR OG ÁFRAM ÍSLAND.

# ÁRSFUNDUR

Ársfundur Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja verður haldinn miðvikudaginn 14. maí nk. kl 16.00 í fundarsal sjóðsins.



LÍFEYRISSJÓÐUR  
VESTMANNÆYJA




# Húshitun í Eyjum sker sig úr

Íbúar í Vestmannaeyjum hafa fundið mest allra landsmanna fyrir hækkunum á kostnaði við húshitun á undanförunum árum.

Eyjameinn höfðu væntingar um lækkingu orkukostnaðar með tilkomu varma-dælustöðvarinnar sem komst í rekstur árið 2018 en raunin hefur ekki verið sú. Húshitun í Vestmannaeyjum sker sig úr öllum öðrum sveitarfélögum með hækkandi verðum undanfarin ár. Það sést glögglega á grófunum hér á síðunni.


Í þessu samhengi má rifja upp að þáverandi orkumálaráðherra ákvað frá og með 1. okt. sl. að stórauka niðurgreiðslur á orkuverði til HS veitna í Vestmannaeyjum. En eftir stendur að fyrirtæki sem hefur einkaleyfi á grunnþjónustu og skilar góðum hagnaði á hverju ári, skuli vera með dýrasta orkuverðið, og að það þurfi sérstaka auka niðurgreiðslu frá ríkissjóði til að hlaupa undir bagga með íbúunum.

## Húshitun í Vestmannaeyjum sker sig úr öllum öðrum sveitarfélögum með hækkandi verðum 2021 til 2024



Húshitun á Íslandi, þróun verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023) verð. Heimild Bygðastofnun.

## Fjórði hæsti húshitunarkostnaðurinn í Vestmannaeyjum



Húshitun, lægsta mögulega verð. Heimild Bygðastofnun.